

10. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafli er lokið. Heimilt er þó gjaldanda að greiða $\frac{2}{3}$ hluta gjaldsins með tveimur jöfnum greiðslum 1. júlí ár hvert næstu tvö ár á eftir, enda séu greiddir venjulegir vixilvextir af eftirstöðvum á hverjum tíma.

Gatnagerðargjöldum samkvæmt reglugerð þessari fylgir lögveð í viðkomandi fasteign.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkir að heita ekki heimild um afturvirkni samkv. 4. gr. l. nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974, sbr. l. nr. 31/1975, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 257 26. ágúst 1974 um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrning íbúðarhúsnæðis skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnæðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnæðis úr steinsteypu	0,20%
Íbúðarhúsnæðis hlöðnu úr steinum	0,26%
Íbúðarhúsnæðis úr timbri	0,40%

Til íbúðarhúsnæðis teljast bílskúrar, sem byggðir eru skv. byggingarleyfi eða í tengslum við íbúðarhúsnæði.

Um frádrátt frá tekjum vegna viðhalds á íbúðarhúsnæði fer eftir 25. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í E-lið 15. gr. l. nr. 68 15. júní 1971 sbr. 9. tl. 7. gr. l. nr. 7 23. mars 1972 öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1976.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1976.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Arni Kolbeinsson.